

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1213/2010**2014/EES/36/31**

frá 16. desember 2010

um sameiginlegar reglur varðandi samtengingu rafrænna landsskráa yfir flutningafyrirtæki á vegum (*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/26/EB ⁽¹⁾, einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að auðvelda samtengingu rafrænna landsskráa eins og gerð er krafa um skv. 5. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009 skal framkvæmdastjórnin samþykkja sameiginlegar reglur við að koma á þessari samtengingu í samræmi við 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009.
- 2) Ákvæðin um verndun persónuupplýsinga, eins og einkum er kveðið á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽²⁾, gilda um alla vinnslu á persónuupplýsingum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1071/2009. Einkum skulu aðildarríkin taka upp viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun persónuupplýsinga.

- 3) Ákvæðin um verndun persónuupplýsinga, eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽³⁾, gilda eftir atvikum um alla vinnslu á persónuupplýsingum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1071/2009.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 ⁽⁴⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Sameiginlegu reglurnar sem gera kleift að samtengja rafrænar landsskrár skulu vera eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 31. desember 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 335, 18.12.2010, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 51.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 370, 31.12.1985, bls. 8.

VIÐAUKI

Kerfi samtengdra rafræna landsskráa yfir flutningafyrirtæki á vegum nefnist Evrópskar skrár yfir flutningafyrirtæki á vegum (ERRU, European Registers of Road Transport Undertakings).

1. UPPLÝSINGASKIPTI

1.1. Upplýsingaskipti um brot

1.1.1. Tilkynning um brot

Þegar skipst er á upplýsingum skv. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa ⁽¹⁾ eða 1. mgr. 23. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópbifreiðum milli landa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 561/2006 ⁽²⁾ skulu aðildarríki nota boð með eftirfarandi sniði (Tilkynning um brot):

Gagnatag	Gagnaatriði	Skyldubundið eða valkvætt	Viðbótarlýsing á gagnareit
Aðildarríki sem tilkynnir	Aðildarríki sem tilkynnir	Skyldubundið	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2
Lögbært yfirvald sem tilkynnir	Auðkenni lögbærs yfirvalds sem tilkynnir	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Aðildarríki ákvörðunarstaðar	Aðildarríki ákvörðunarstaðar	Skyldubundið	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2
Upplýsingar um tilkynningu	Númer tilkynningar	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Dagsetning tilkynningar	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (AAAA-MM-DD)
	Tímasetning tilkynningar	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu KK:MM:SS
Flutningafyrirtæki	Heiti	Valkvætt	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Leyfi	Raðnúmer staðfests, réttis endurrits af Bandalagsleyfinu	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Skráningarnúmer ökutækis,	Valkvætt	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Alvarlegt brot	Flokkur	Skyldubundið	
	Gerð	Skyldubundið	

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 72.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 88.

Gagnatag	Gagnaatriði	Skyldubundið eða valkvætt	Viðbótarlýsing á gagnareit
	Dagsetning brots	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)
	Dagsetning athugunar þar sem fullvissa fæst um brot	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)
Viðurlögum beitt og komið til framkvæmda	Dagsetning endanlegrar ákvörðunar	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)
	Viðurlögum beitt	Skyldubundið	Yfirlýsing um eftirfarandi: „Viðvörðun“ „Tímabundið bann við gestaflutningum“ „Sekt“ „Bann“ „Kyrretning“ „Annað“
	Ef við á: upphafsdagur viðurlaga	Valkvætt	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)
	Ef við á: lokadagur viðurlaga	Valkvætt	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)
	Viðurlögum komið til framkvæmda	Skyldubundið	Yfirlýsing um eftirfarandi: „Já“ „Nei“ „Óþekkt“
	Viðurlög sem farið er fram á	Tegund stjórnsluviðurlaga sem farið er fram á	Valkvætt
Lengd viðurlaga sem farið er fram á (almanaksdagar)		Valkvætt	Töluleg gagnafærsla DDDDD

1.1.2. Svar við tilkynningu um brot

Þegar skipst er á upplýsingum skv. 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1072/2009 eða 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009 skulu aðildarríkin nota boð með eftirfarandi sniði (svar við tilkynningu um brot):

Gagnatag	Gagnaatriði	Skyldubundið eða valkvætt	Viðbótarlýsing á gagnareit
Aðildarríki sem svarar	Aðildarríki sem svarar	Skyldubundið	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2
Lögbært yfirvald sem svarar	Auðkenni lögbærs yfirvalds sem svarar	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Aðildarríki ákvörðunarstaðar	Aðildarríki ákvörðunarstaðar	Skyldubundið	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2
Lögbært yfirvald á ákvörðunarstað	Auðkenni lögbærs yfirvalds á ákvörðunarstað	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Upplýsingar um svar	Númer tilkynningar	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Dagsetning svars	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)
	Tímasetning svars	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu KK:MM:SS
Flutningafyrirtæki	Heiti	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Yfirvald sem leggur á viðurlög	Heiti yfirvalds sem leggur á viðurlög	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Viðurlögum sem hefur verið beitt	Staðfesting á beittum viðurlögum	Skyldubundið	Yfirlýsing um eftirfarandi: „Já“ „Nei“
	Viðurlögum sem hefur verið beitt	Skyldubundið	Yfirlýsing um eftirfarandi: „Viðvörðun“ „Tímabundin afturköllun á sumum eða öllum staðfestum, réttum endurritum af Bandalagsleyfinu“ „Varanleg afturköllun á sumum eða öllum staðfestum, réttum endurritum af Bandalagsleyfinu“ „Tímabundin afturköllun á Bandalagsleyfinu“ „Varanleg afturköllun á Bandalagsleyfinu“ „Tímabundin frestun á útgáfu ökumannsvottorða“ „Afturköllun ökumannsvottorða“ „Viðbótarskilyrði sett fyrir útgáfu ökumannsvottorða til að koma í veg fyrir misnotkun“ „Annað“

Gagnatag	Gagnaatriði	Skyldubundið eða valkvætt	Viðbótarlýsing á gagnareit
	Dagsetning beitingar viðurlaga	Valkvætt	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (AAAA-MM-DD)
	Lokadagsetning beitingar viðurlaga	Valkvætt	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (AAAA-MM-DD)
	Ástæða þess að viðurlögum er ekki beitt	Valkvætt	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða

1.2. Athugun á óflekkuðu mannorði flutningastjóra

1.2.1. Beiðni um leit

Þegar staðfest er í samræmi við 4. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009 hvort flutningastjóri sé lýstur óhæfur í einhverju aðildarríkjanna til að stjórna flutningastarfsemi fyrirtækis skulu aðildarríkin nota boð með eftirfarandi sniði (Beiðni um leit):

Gagnaflokkur	Gagnaatriði	Skyldubundið eða valkvætt	Viðbótarlýsing á gagnareit
Aðildarríki sem leggur fram beiðni	Aðildarríki sem leggur fram beiðni	Skyldubundið	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2
Lögbært yfirvald sem leggur fram beiðni	Auðkenni lögbærs yfirvalds sem leggur fram beiðni	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Upplýsingar um leitarbeiðni	Númer beiðni um leit	Skyldubundið	
	Dagsetning leitarbeiðni	Skyldubundið	
	Tímasetning leitarbeiðni	Skyldubundið	
Flutningastjóri	Eiginnafn	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Kenninafn (-nöfn)	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Fæðingardagur	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (AAAA-MM-DD)
	Fæðingarstaður	Valkvætt	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Númer vottorðs um starfshæfni	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Útgáfudagur vottorðs um starfshæfni	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (AAAA-MM-DD)
	Land þar sem vottorð um starfshæfni er gefið út	Skyldubundið	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2

1.2.2. Svar við leitarbeiðni

Þegar leitarbeiðni samkvæmt lið 1.2.1 er svarað skulu aðildarríkin nota boð með eftirfarandi sniði (svar við leitarbeiðni):

Gagnatag	Gagnaatriði	Skyldubundið eða valkvætt	Viðbótarlýsing á gagnareit
Aðildarríki sem leggur fram beiðni	Aðildarríki sem leggur fram beiðni	Skyldubundið	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2
Lögbært yfirvald sem leggur fram beiðni	Auðkenni lögbærs yfirvalds sem leggur fram beiðni	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Aðildarríki sem svarar	Aðildarríki sem svarar	Skyldubundið	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2
Lögbært yfirvald sem svarar	Auðkenni lögbærs yfirvalds sem svarar	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Upplýsingar um svar við leitarbeiðni	Númer beiðni um leit	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Dagsetning svars	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)
	Tímasetning svars	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu (KK:MM:SS)
Niðurstöður leitar	Staða	Skyldubundið	Yfirlýsing um eftirfarandi: Fannst Fannst ekki
Flutningastjóri	Eiginnafn	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Kenninafn (-nöfn)	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Fæðingardagur	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)
	Fæðingarstaður	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Númer vottorðs um starfshæfni	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Útgáfudagur vottorðs um starfshæfni	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD)
	Land þar sem vottorð um starfshæfni er gefið út	Skyldubundið	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2
Fjöldi fyrirtækja sem stjórnað er	Fjöldi fyrirtækja sem stjórnað er	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla
	Fjöldi ökutækja sem stjórnað er	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla

Gagnatag	Gagnaatriði	Skyldubundið eða valkvætt	Viðbótarlýsing á gagnareit
Hæfi	Hæfi	Skyldubundið	Yfirlýsing um annað hvort „Óhæfur“ „Hæfur“
	Síðasti dagur sem aðilinn er lýstur óhæfur	Valkvætt	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD) Á við ef „óhæfur“

1.3. Staðfesting

Þegar aðildarríki staðfesta móttöku skilaboða skulu þau nota skilaboð með eftirfarandi snið (staðfestingarboð):

Gagnatag	Gagnaatriði	Skyldubundið eða valkvætt	Viðbótarlýsing á gagnareit
Aðildarríki sem staðfestir	Aðildarríki sem staðfestir	Skyldubundið	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2
Lögbært yfirvald sem staðfestir	Auðkenni lögbærs yfirvalds sem staðfestir	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Aðildarríki ákvörðunarstaðar	Aðildarríki ákvörðunarstaðar	Skyldubundið	Valið úr tveggja stafa kóða ISO 3166-1 alpha 2
Lögbært yfirvald á ákvörðunarstað	Auðkenni lögbærs yfirvalds á ákvörðunarstað	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Upplýsingar um upprunaleg skilaboð	Auðkenni upprunalegra skilaboða	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
Upplýsingar um staðfestingu	Auðkenni staðfestingarboða	Skyldubundið	Reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða
	Dagsetning staðfestingar	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DD
	Tímasetning staðfestingar	Skyldubundið	Töluleg gagnafærsla með sniðinu KK:MM:SS

2. HÖGUN ERRU-KERFISINS


Samtengingin skal vera í formi XML-skilaboðakerfis sem veitir þjónustu fyrir aðildarríkin með miðlun XML-boða með áreiðanlegu, öruggu og stjórnuðu verkflæði.

ERRU-kerfið skal samanstanda af kerfi sem felur í sér högun með „miðlægu netaldi“ (biðlari-miðlari með skynvæddum beini) og „jafningjaneti“. Aðildarríki geta valið hvora högunina þau vilja nota til að skiptast á XML-boðum um sTESTA-netkerfið (með notkun HTTP-samskiptareglna).

ERRU-kerfinu er lýst á mynd 1 hér fyrir neðan:

Mynd 1

ERRU-kerfið



Aðildarríki skulu hafa tvo valkosti til að miðla boðum, með hliðsjón af þeirri högun sem notuð er af þeim aðildarríkjum sem taka þátt í miðluninni: nota högun með miðlægu netaldi eða nota jafningjanet.

Miðlæga netaldið skal vera í umsjón framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð á tæknilegum rekstri, viðhaldi og heildaröryggi sTESTA-netkerfisins og miðlæga netaldinu. Aðeins skal vista skráningargögn á miðlæga netaldinu. Framkvæmdastjórnin skal ekki hafa aðgang að viðskiptagögnum nema vegna viðhalds og villuleitar.

Aðildarríkin skulu bera ábyrgð á landsskrám. Aðildarríki sem nota jafningjanet skulu bera ábyrgð á rekstrarsamhæfi jafningjanetsins og miðlæga netaldsins.

Vegna samtengingar um ERRU-kerfisins skulu aðildarríkin nota:

- staðlaðar IP-samskiptareglur (XML, HTTPS, XML-vefþjónustur) og
- sTESTA-netkerfið í einkaeign framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

3. TÖLFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING

Aðildarríki sem nota jafningjanet skulu vikulega fá framkvæmdastjórninni til ráðstöfunar upplýsingar sem nauðsynlegar eru í tölfraðilegum tilgangi.

Til að tryggja persónuvernd skulu tölfraðilegu gögnin vera nafnlaus.

Skráningarupplýsingar skulu halda utan um allar færslur vegna vöktunar og villuleitar og skal vera hægt að taka fram tölfraðilegar upplýsingar um þessar færslur. Eftirfarandi gerðir skráningarupplýsinga skulu vistaðar og vaktaðar:

- notkunarskrá (t.d. boð sem er miðlað, þ.m.t. tegund boða, dagsetning, uppbygging boða),
- öryggisskrá (t.d. innskráningartilraunir, aðgangur að skrá),
- kerfisskrá (t.d. kerfisbilanir).

Ekki skal geyma skráningarupplýsingar lengur en 6 mánuði.

Aðildarríki sem nota jafningjanet skulu bera ábyrgð á skráningarupplýsingum varðandi færslur sem fara um jafningjanetstengingar.

Innlendu tengiliðirnir sem aðildarríkin tilnefna skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009 skulu bera ábyrgð á aðgangi að gögnum sem skipt er á og frekari notkun og uppfærslu gagna að aðgangi loknum.

4. LÁGMARKSÞJÓNUSTUSTIG

Aðildarríkin skulu beita eftirfarandi lágmarkskröfum um þjónustu að því er varðar ERRU-kerfið:

4.1. Tímalengd og umfang þjónustunnar

allan sólarhringinn sjö daga vikunnar

4.2. Hlutfall tiltækileika tæknilega kerfisins

98%

Hlutfall tiltækileika kerfisins er hundraðshluti árangursríkra færslna á mánuði.

4.3. Svörunartími kerfisins

Hámark 60 sekúndur.

Ef kerfið uppfyllir ekki kröfur um svörunartíma skal aðildarríki grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til þess að koma kerfinu aftur til eðlilegs svörunartíma svo fljótt sem auðið er.

4.4. Viðhaldsregla

Aðildarríkin skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um allar venjubundnar viðhaldsaðgerðir í gegnum viðhaldsgáttina með viku fyrirvara.

4.5. Eðlilegu ástandi komið á eftir bilun

Bilun er þegar upp koma þær aðstæður að kerfi aðildarríkis er ekki tiltækt af ófyrirsjáanlegum ástæðum.

Ef ekki er unnt að gera við bilun innan 30 mínútna skal aðildarríkið, þar sem kerfið sem bilunin var rakin til er staðsett, fylgja eftirfarandi verklagsreglum:

- a) tilkynna skal hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um bilunina með tölvupósti innan 30 mínútna,
- b) þegar kerfið er aftur komið í lag skal senda aftur boð með tölvupósti til að upplýsa hin aðildarríkin og framkvæmdastjórnina um að kerfið starfi aftur með eðlilegum hætti.
